Deloitte.



# Staða mála og horfur – ferðaþjónustan spurð

Október 2017

MARKAÐSSTOFUR LANDSHLUTANNA

FERÐAMÁLASTOFA ICELANDIC TOURIST BOARD

# Efnisyfirlit


- Inngangur
- Landslag ferðaþjónustuaðila árið 2016
- Stefnumótun í ferðaþjónustu
- Hagræn áhrif ferðaþjónustu
- Spá ferðaþjónustuaðila um ferðamannastraum
- Rekstrarumhverfi ferðaþjónustuaðila
- Samantekt


© 2017 Deloitte ehf.

# Inngangur

# Árleg viðhorfskönnun Deloitte, Markaðsstofa landshlutanna og Ferðamálastofu meðal aðila í ferðaþjónustu

Deloitte og Markaðsstofur landshlutanna stóðu fyrir viðhorfskönnun meðal einstaklinga í ferðaþjónusturekstri árið 2016. Ferðamálastofa hefur nú bæst í hóp samstarfsaðila.

Markmiðið með árlegri viðhorfskönnun er að draga fram álit ferðaþjónustuaðila á stöðu mála og horfum í sinni atvinnugrein. Það er álit umsjónaraðila könnunarinnar að það sé lykilatriði í því að öll ákvarðanataka sem varðar greinina í heild verði upplýstari, markvissari og líklegri til að bera ávöxt.

Niðurstöður þeirrar könnunar nú í ár liggja fyrir. Viðhorfskönnunin var framkvæmd í maí-júní. Um var að ræða vefkönnun sem send var á 2.886 aðila en 611 aðilar svöruðu eða um 23% eftir að búið var að leiðrétta fyrir óvirkum netföngum. Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni fyrir sitt framlag.

Þessi kynning hefur að geyma ákveðnar meginniðurstöður viðhorfskönnunarinnar. Markmiðið er að framkvæma þessa könnun árlega og vonum við að það komi til með að nýtast í allri vinnu á sviði ferðaþjónustunnar.

**Svarendur eftir landshlutum**




© 2017 Deloitte ehf.

# 1. Landslag ferðaþjónustu-aðila árið 2016

# Miðað við mengi svarenda þá mynda gistiaðilar stóran hluta af ferðaþjónustunni

**Í hvaða grein ferðaþjónustunnar starfar þitt fyrirtæki (2017)?**




**Hvað voru erlendir ferðamenn hátt hlutfall af heildarviðskiptavinum fyrirtækisins / starfsstöðvarinnar á árinu 2016?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Veltutölur og fjöldi starfsmanna gefa til kynna að ferðaþjónustan samanstandi af mörgum smærri aðilum

**Hver var velta fyrirtækisins á rekstrarárinu 2016?**




**Hvert var meðaltal stöðugilda hjá fyrirtækinu / starfsstöðinni á rekstrarárinu 2016?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Tæpur helmingur ferðaþjónustuaðila hefur verið starfandi lengur en í 10 ár og þrír fjórðu þeirra starfa allt árið um kring

**Hversu lengi hefur fyrirtækið / starfsstöðin verið starfrækt?**




**Tími ársins sem fyrirtækið / starfsstöðin er starfrækt**




© 2017 Deloitte ehf.

# Samsetning ferðaþjónustuaðila á Íslandi er keimlík á milli landshluta en þó er ákveðinn munur þar á




© 2017 Deloitte ehf.

# Það gætir heldur meiri fjölbreytni milli landshluta þegar kemur að starfsaldri, starfstíma og samsetningu viðskiptavina




© 2017 Deloitte ehf.

# Velta ferðaþjónustuaðila vegna viðskipta við Íslendinga var í flestum tilvikum svipuð árið 2016 og 2015

**Var velta fyrirtækisins / starfsstöðvarinnar vegna viðskipta við Íslendinga meiri, svipuð eða minni á árinu 2016 en árið 2015?**




**Var velta fyrirtækisins / starfsstöðvarinnar vegna viðskipta við erlenda ferðamenn meiri, svipuð eða minni á árinu 2016 en árið 2015?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Þegar spurt er um helstu jákvæð áhrif á reksturinn árið 2016 var fjölgun viðskiptavina efst á blaði

**Hvaða þættir höfðu helst jákvæð áhrif á árangur fyrirtækisins / starfsstöðvarinnar á árinu 2016 (merkið við 3 atriði)?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Þá er gengisþróun helsti þátturinn sem talinn var hafa neikvæð áhrif á reksturinn árið 2016

**Hvaða þættir höfðu helst neikvæð áhrif á árangur fyrirtækisins / starfsstöðvarinnar á árinu 2016 (merkið við 3 atriði)?**




© 2017 Deloitte ehf.

# 2. Stefnumótun í ferðaþjónustu

# Fleiri ferðaþjónustuaðilar telja nú að hagsmunaaðilar starfi markvisst saman, eða 42% samanborið við 35% árið 2016

**Starfa hagsmunaaðilar (bæði opinberir og einkaaðilar) markvisst saman að uppbyggingu ferðaþjónustu í þeim landshluta sem fyrirtæki þitt / starfsstöðin þín hefur meginstarfsemi sína?**

*Samstarf hagsmunaaðila á Austurlandi, Norðurlandi og Reykjanesi virðist vera hvað mest en það virðist fremur skorta á Vestfjörðum og Höfuðborgarsvæðinu*




© 2017 Deloitte ehf.

# Um 80% ferðaþjónustuaðila telja að hið opinbera styðji illa við innviði ferðaþjónustunnar, samanborið við 72% í fyrra

**Styður hið opinbera nægilega vel við innviði ferðaþjónustunnar <u>þvert yfir landið</u>?**

*Ferðaþjónustuaðilar á Norðurlandi og Austurlandi eru hvað ósáttastir við hið opinbera, samanborið t.d. við ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi*







© 2017 Deloitte ehf.

# Könnunin ber með sér ólíkar áherslur landshlutanna en dreifing ferðamanna er nú ein af megináherslum allra landshluta

## Hvaða áhersluþætti á hið opinbera að einblína á til uppbyggingar á innviðum ferðaþjónustu?



| | Vesturland | Suðurland | Höfuð-borgar-svæðið | Reykjanes | Norðurland | Austurland | Vestfirðir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 01 | Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða | Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða | Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða | Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða | Dreifingu ferðamanna | Dreifingu ferðamanna | Samgöngur á landi |
| 02 | Samgöngur á landi | Stefnumótun og langtíma-áætlun | Stefnumótun og langtíma-áætlun | Stefnumótun og langtíma-áætlun | Samgöngur á landi | Aðgengi að og skipulagi ferðamanna -staða | Dreifingu ferðamanna |
| 03 | Dreifingu ferðamanna | Samgöngur á landi | Dreifingu ferðamanna | Dreifingu ferðamanna | Flug-samgöngur | Vetrarmál (t.d. mokstur og merkingar) | Aðgengi að og skipulagi ferðamanna-staða |

© 2017 Deloitte ehf.

# Þegar spurt var um leiðir til að stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna um landið þá var ýmislegt lagt til

Beint flug frá Keflavík út á land, bæði Akureyri og Egilsstaði

Taka upp fjöldatakmarkanir á vinsælustu ferðamannastöðunum

Opna á fleiri leiðir til landsins með því að nýta flugvellina á Akureyri og Egilsstaði undir millilandaflug

Bjóða ívilnanir eða styrki fyrir ferðaþjónustu á jaðarsvæðum og svæðum í vörn og byggja upp þjónustukjarna víðar um landið

Auglýsa meira önnur svæði og nota myndefni í markaðs-setningu frá stöðum sem ekki eru þegar þéttsetnir

Aukin uppbygging í vegakerfinu og svæðum sem hafa nóg að bjóða en eru ekki fjölfarin í dag

*Niðurstöðunum er ekki raðað í mikilvægisröð m.v. fjölda svara

© 2017 Deloitte ehf.

# Meirihluti svarenda er hlynntur aukinni gjaldtöku af ferðamönnum, en 81% svarenda studdi aukna gjaldtöku í fyrra

**Styður þú aukna gjaldtöku ferðamanna til uppbyggingar ferðamannastaða?**

*Ferðaþjónustuaðilar á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi styðja einna helst aukna gjaldtöku, stærsti hluti þeirra sem eru því mótfallnir eru á Reykjanesi og Vesturlandi*




© 2017 Deloitte ehf.

# Um 70% svarenda horfa til ríkisins þegar kemur að aukinni gjaldheimtu, samanborið við 77% í fyrra

**Styður þú aukna gjaldtöku ferðamanna til uppbyggingar ferðamannastaða? (Ef já, hvernig?)**

*Ferðaþjónustuaðilar á Reykjanesi og Vestfjörðum eru hvað hlynntastir skattheimtu ríkisins, en stuðningur við gjaldtöku einkaaðila er hvað mestur á Vesturlandi*




© 2017 Deloitte ehf.

# Viðhorf ferðaþjónustuaðila til gjaldtöku og tillögur þar að lútandi eru fjölbreytt

Taka mætti upp WC-gjöld

Bílastæðagjöld til að ýta undir aðgangs-stýringu

Taka má upp sambærilegt kerfi og ESTA

Ríkisvaldið ætti frekar að taka til í sínum ranni og reyna að lækka kostnað og skera niður báknið, frekar en að auka skattheimtu og leggja ósanngjarnar álögur á atvinnurekstur

Landið er að fá gríðarlegar gjaldeyris-tekjur sem á að nota til að byggja upp ferða-mannastaði. Gjaldtaka er græðgi.

Leggja mætti vegtolla, t.d. 1.000 kr. á dag

Það á eingöngu að rukka fyrir veitta þjónustu, t.d. bílastæðagjöld

*Niðurstöðunum er ekki raðað í mikilvægisröð m.v. fjölda svara

© 2017 Deloitte ehf.

# Tæplega 8 af hverjum 10 eru mótfallnir fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts í ferðaþjónustu

**Hversu hlynntur/mótfallinn ertu áformum ríkisstjórnarinnar um hækkun virðisaukaskatts í ferðaþjónustu?**

*Andstaðan við hækkun virðisaukaskatts er einna mest á Austurlandi og Reykjanesi, en minnst á Vestfjörðum og á Höfuðborgarsvæðinu*




© 2017 Deloitte ehf.

# Helmingur svarenda horfir til upptöku komugjalda og gjaldtöku á helstu ferðamannastöðum sem valkost í stað hækkun VSK

**Hvað, ef eitthvað, ættu stjórnvöld að gera í stað boðaðrar hækkunar á virðisaukaskatti (merktu við 3 atriði)?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Þegar kemur að öðrum leiðum þá voru lagðar fram ýmsar hugmyndir

Taka upp ESTA form og rukka fyrir virðisaukandi þjónustu eins og bílastæði við náttúruperlur

Lækka gengi krónunnar

Vinna gegn svartri starfsemi í greininni

Nota þær gríðarlegu tekjur sem ferðaþjónustan er að búa til á viti borinn hátt væri góð byrjun

Vinna á móti svartri atvinnustarfsemi, t.d. Airbnb, ferðaþjónustan getur ekki tekið hækkaðan VSK með þetta gengi

Bíða uns ferðaþjónustan verður sjálfbær og gengisáhrifin dvína, á þeim tímapunkti er í lagi að skoða hækkun VSK

Landið fær gríðarlegar tekjur nú þegar, aukin gjöld á ferðamenn munu skila færri ferðamönnum og minnka tekjur

Breyta gistináttaskatti i ferðaþjónustuskatt sem öll i fyrirtæki í greininni myndu greiða. Eins konar auðlindagjald

*Niðurstöðunum er ekki raðað í mikilvægisröð m.v. fjölda svara

© 2017 Deloitte ehf.

# Hækkun virðisaukaskatts mun í flestum tilvikum skila sér í hærra verðlagi, en þó mun tæpur þriðjungur taka hækkunina á sig

**Hvernig hyggst þú fyrst og fremst mæta hækkun virðisaukaskatts?**

*Það eru helst aðilar á Suðurlandi sem munu taka hækkun VSK á sig, en fimmtungur á Höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi ætlar að draga úr rekstrarkostnaði*







© 2017 Deloitte ehf.

# 3. Hagræn áhrif ferðaþjónustu

# 8 af hverjum 10 telja að ferðaþjónustan hafi jákvæð hagræn áhrif á sitt nærsvæði

**Hver eru hagræn áhrif ferðaþjónustu á þitt nærsvæði?**




*Heldur færri ferðaþjónustuaðilar á Höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi, en í öðrum landshlutum, telja hagræn áhrif ferðaþjónustu vera jákvæð*




© 2017 Deloitte ehf.

# Jákvæðu áhrifin lýsa sér einna helst í fjölbreyttara úrvali þjónustu og auknum tekjum sveitarfélaga

**Hvernig telurðu jákvæðu áhrifin helst koma fram (merktu við 3 atriði)?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Neikvæðu áhrifin lýsa sér hins vegar einna helst í hærra verðlagi og hærra húsnæðisverði

**Hvernig telurðu neikvæðu áhrifin helst koma fram (merktu við 3 atriði)?**




© 2017 Deloitte ehf.

# 4. Spá ferðaþjónustuaðila um ferðamannastraum

# Aðeins um 53% aðspurðra telja að það verði aukningi í fjölda ferðamanna á næstu 12 mánuðum, samanborið við 90% í fyrra

**Hver er þín spá um ferðamannastraum til Íslands á næstu 12 mánuðum (sumar og vetur)?**




**Hver er þín spá um ferðamannastraum til Íslands á næstu 12 mánuðum (sumar og vetur)?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Það eru helst ferðaþjónustuaðilar á Austurlandi, Norðurlandi og Reykjanesi sem sjá fram á samdrátt

Hver er spá þín um ferðamannastraum til þess landshluta þar sem fyrirtæki þitt er með meginstarfsemi? (verður aukning, stendur í stað, verður samdráttur)




© 2017 Deloitte ehf.

# Að meðaltali gera ferðaþjónustuaðilar ráð fyrir tæplega 16% aukningu ferðamanna til síns landshluta næstu 12 mánuði

Hver er spá þín um ferðamannastraum til þess landshluta þar sem fyrirtæki þitt er með meginstarfsemi? (aukningin í %)




© 2017 Deloitte ehf.

# Spá ferðaþjónustuaðila um fjölgun ferðamanna til Íslands í heild er öllu varfærnari en spár greiningardeilda




Heimildir: Íslandsbanki, Íslensk ferðaþjónusta, mars 2017. Arion banki, Ferðamannalandið Ísland: Komið til að vera?, september 2017.

© 2017 Deloitte ehf.

# Verðlag og áhrifaþættir þar á eru ofarlega á blaði sem þættir sem geta hamlað ferðamannastraumi til landsins

**Hvað telur þú líklegt, ef eitthvað, að muni hamla frekari ferðamannastraumi til Íslands (merktu við 3 atriði)?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Sömu sögu er að segja þegar spurt var um ferðamannastraum til viðkomandi landshluta

**Hvað telur þú líklegt, ef eitthvað, að muni hamla frekari ferðamannastraumi til þíns landshluta (merktu við 3 atriði)?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Þó nokkrir aðrir þættir voru jafnframt taldir líklegir til að hamla frekari ferðamannastraumi til landsins

Náttúruhamfarir og þá sérstaklega eldgos

Ríkið að gera eitthverja vitleysu

Mettun gistingar í Reykjavík

Ófriður og styrjaldir

Boðaðar hækkanir ríkisins á VSK sem leiðir til óheyrilegra hækkana á ýmsum stöðum og ímynd landsins í kjölfarið á eftir að koma okkur í koll

Vantar aðra gátt inní landið, margir eru að koma aftur til Íslands og vilja skoða annað í þeirri ferð

Niðurrif innan ferðaþjónustunnar

Óhóflegt verðlag

*Niðurstöðunum er ekki raðað í mikilvægisröð m.v. fjölda svara

© 2017 Deloitte ehf.

# 5. Rekstrarumhverfi ferðaþjónustuaðila

# Um 41% ferðaþjónustuaðila telja að vaxtartækifærin séu nokkuð eða miklu verri en fyrir ári síðan

**Telur þú að vaxtartækifæri fyrirtækisins / starfsstöðvarinnar í dag séu betri, svipuð eða verri en fyrir ári síðan?**

*Það eru helst ferðaþjónustuaðilar á Reykjanesi og Norðurlandi sem telja vaxtartækifærin nokkuð verri eða miklu verri*




© 2017 Deloitte ehf.

# Heilt yfir ríkir ákveðin varfærni meðal ferðaþjónustuaðila þegar kemur að horfum í rekstrarumhverfi þeirra

**52%**

Telja að framboð af lánsfé sé hvorki mikið né lítið, 24% of eða frekar lítið og jafnmargir að það sé of eða frekar mikið

**56%**

Sögðu framboð af hlutafé sé hvorki mikið né lítið, 30% of eða frekar lítið en 14% of eða frekar mikið

**48%**

Sjá fram á veltuaukningu í ár m.v. í fyrra, 34% telja að veltan standi í stað og 18% að það dragist saman milli ára

**75%**

Telja að fjöldi heilsársstarfa verði svipaður í ár og í fyrra, 15% gera ráð fyrir aukningu en 10% samdrætti

**68%**

Munu ekki ráðast í fjárfestingar á næstunni, en tæp 25% hyggjast fjárfesta í rekstrarfjármunum

**51%**

Telja að skuldsetning þeirra muni haldast óbreytt á árinu, 21% gera ráð fyrir lítillegri aukningu og 7% verulegri

© 2017 Deloitte ehf.

# Flestir ferðaþjónustuaðilar gera ráð fyrir að velta aukist nokkuð í ár frá því í fyrra

**Telur þú að velta fyrirtækisins / starfsstöðvarinnar muni aukast, standa í stað eða minnka á árinu 2017 í samanburði við árið 2016?**

*Helst eru það ferðaþjónustuaðilar á Vesturlandi og Reykjanesi sem gera ráð fyrir veltuaukningu, öfugt við aðila á Austurlandi, Norðurlandi og á Vestfjörðum*







© 2017 Deloitte ehf.

# Þó telja flestir ferðaþjónustuaðilar að EBITDA þeirra muni standa í stað á milli ára

**Telur þú að framlegð fyrirtækisins / starfsstöðvarinnar, það er EBITDA, muni aukast, standa í stað eða minnka á árinu 2017, í samanburði við árið 2016?**

*Ferðaþjónustuaðilar á Vestfjörðum, Höfuðborgar-svæðinu og Reykjanesi telja einna helst að EBITDA þeirra muni dragast saman*







© 2017 Deloitte ehf.

# Mikill meirihluti ferðaþjónustuaðila telur að fjöldi heilsársstarfa muni standa í stað á milli ára

**Telur þú að starfsmönnum í heilsársstarfi hjá fyrirtækinu / starfsstöðinni muni fjölga, standa í stað eða fækka á árinu 2017, í samanburði við árið 2016?**

*Helst eru það ferðaþjónustuaðilar á Höfuðborgar-svæðinu sem telja að það muni fækka í hópi heilsársstarfa á milli ára*




© 2017 Deloitte ehf.

# Heldur fleiri vilja meina að fjölgun verði í hlutastörfum milli ára en heilsársstörfum, eða 24% samanborið við 17%

**Telur þú að starfsmönnum í hlutastarfi eða árstíðabundnu starfi hjá fyrirtækinu / starfsstöðinni muni fjölga, standa í stað eða fækka á árinu 2017, í samanburði við árið 2016?**

*Einna helst ferðaþjónustuaðilar á Vesturlandi og Reykjanesi hyggjast fjölga í hópi hlutastarfa milli áranna 2016 og 2017*




© 2017 Deloitte ehf.

# Fjöldi erlendra starfsmanna verður svipaður í ár og í fyrra, en 21% telja þó að nokkur fjölgun verði í þeim hópnum

**Telur þú að erlendum starfsmönnum hjá fyrirtækinu / starfsstöðinni muni fjölga, standa í stað eða fækka á árinu 2017, samanborðið við 2016?**

*Ferðaþjónustuaðilar á Austurlandi sjá einna helst fyrir sér að fjölga í hópi erlendra starfsmanna, samanborið við t.d. aðila á Vesturlandi*




© 2017 Deloitte ehf.

# Um 2 af hverjum 3 ferðaþjónustuaðilum stefnir ekki á fjárfestingar á næstunni

**Stefnir þitt fyrirtæki á fjárfestingar?**

*Svipaða sögu er að segja af öllum landshlutum en það eru einna helst ferðaþjónustuaðilar á Austurlandi sem stefna ekki á fjárfestingar*







© 2017 Deloitte ehf.

# Meirihluti ferðaþjónustuaðila telja framboð á lánsfé vera hvorki of mikið né of lítið

**Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um framboð á lánsfé fyrir ferða-þjónustufyrirtæki?**

*Það eru helst ferðaþjónustuaðilar á Reykjanesi og Norðurlandi sem telja framboð á lánsfé mikið samanborið t.d. við ferðaþjónustuaðila á Austurlandi*




© 2017 Deloitte ehf.

# Svipaða sögu er að segja af framboði af hlutafé en heldur fleiri telja framboð af hlutafé vera minna en lánsfé

**Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um aðgengi ferðaþjónustufyrirtækja að hlutafé?**

*Það eru helst ferðaþjónustuaðilar á Reykjanesi sem telja framboð á hlutafé mikið samanborið t.d. við ferðaþjónustuaðila á Vestfjörðum og Austurlandi*




© 2017 Deloitte ehf.

# Helmingur ferðaþjónustuaðila gerir ekki ráð fyrir aukningu skulda á árinu, sem er svipað og var í fyrra

**Hvernig telur þú skuldsetningu þíns fyrirtækis muni þróast á árinu 2017?**




*Það eru helst ferðaþjónustuaðilar á Reykjanesi sem sjá fram á samdrátt skulda samanborið við ferðaþjónustu-aðila í öðrum landshlutum*




© 2017 Deloitte ehf.

# Ástæðurnar fyrir breytingu á skuldastöðu eru margvíslegar

Breytingar á húsakosti

Erum búin mestu og dýrustu framkvæmdirnar

Erum að greiða niður lán tökum ekki lán

Taprekstri er mætt með skuldsettningu

Blikur á lofti - nauðsynlegt að lækka skuldir til að búa okkur undir næstu ár

Endurnýjun á tækjum

Því fyrirtækið er að fá miklu meira tekju á þessu ári

Auknar markaðsaðgerðir

*Niðurstöðunum er ekki raðað í mikilvægisröð m.v. fjölda svara

© 2017 Deloitte ehf.

# Ferðaþjónustuaðilar telja gengisáhættu og boðaðar VSK hækkanir helstu áhættuþætti í sínum rekstri

**Hvaða áhættuþættir munu helst hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis / þinnar starfsstöðvar á næstu 24 mánuðum?**




© 2017 Deloitte ehf.

# Aðrir þættir voru jafnframt nefndir sem áhættuþættir í rekstri ferðaþjónustuaðila

Breytt ferðahegðan

Ísland er orðið of dýrt

Stefnuleysi og hringlandaháttur stjórnvalda

Flókið regluverk

Neikvæð erlend umræða um hátt verðlag á Íslandi sem eru reyndar réttar

Svört atvinnustarfsemi

Fyrirtækið er mjög háð veðráttu

Skortur á framtíðarsýn

*Niðurstöðunum er ekki raðað í mikilvægisröð m.v. fjölda svara

© 2017 Deloitte ehf.

# Fleiri ferðaþjónustuaðilar hyggjast mæta gengisþróuninni með því að taka af framlegð sinni en með því að hækka verð

**Hvernig hyggst þú fyrst og fremst mæta gengisþróun undanfarinna missera?**

*Það eru helst ferðaþjónustuaðilar á Austurlandi og Reykjanesi sem hyggjast ætla að hækka verð til ferðamanna til að mæta gengisþróuninni*




© 2017 Deloitte ehf.

# 6. Samantekt

# Hinn „hefðbundni“ íslenski ferðaþjónustuaðili* rekur gistiheimili/hótel og hefur helst áhyggjur af gengisþróun

**Rekur gistiheimili/hótel**
Var með 1-19 mkr. í veltu árið 2015 og 1-5 starfsmenn í vinnu, hefur rekið fyrirtæki lengur en í 10 ár og er með starfsemi allt árið um kring

**Telur samstarf hagsmunaaðila vera frekar markvisst**
En telur hið opinbera styðja frekar illa við innviði ferðaþjónustunnar og vill að gert sé betur í aðgengi/skipulagi ferðamannastaða

**Styður aukna gjaldtöku af ferðamönnum**
Til uppbyggingar ferðamannastaða og telur að skattheimta á vegum ríkisins sé heppilegust til þess

**Er mjög mótfallinn hækkun VSK**
Í ferðaþjónustu og hyggst hækka verð til að mæta þeim breytingum

**Telur ferðaþjónustu hafa jákvæð hagræn áhrif á sitt nærsvæði**
Þar munar helst um fjölbreyttara úrval þjónustu, en neikvæðu áhrifin eru helst talin vera hærra verðlag

**Horfir fram á aukningu í fjölda ferðamanna næstu 12 mánuði**
Og að sú aukning nemi um 22% til landsins í heild en um 16% í sínum landshluta, en telur að hækkun verðlags geti einna helst hamlað ferðamannastraumi til Íslands

**Telur vaxtartækifæri sín svipuð núna og fyrir ári síðan**
Horfir fram á nokkra aukningu í veltu en að EBITDA muni standa í stað milli ára sem og fjöldi starfa

**Stefnir ekki á fjárfestingar**
Telur framboð á lánsfé og hlutafé vera hvorki of mikið né of lítið, gerir ekki ráð fyrir aukningu skulda, telur gengisáhætta vera þann þátt sem helst mun hafa áhrif á reksturinn sinn

* Hér er m.v. þá svarmöguleika sem fengu bestu svörun að meðaltali yfir alla landshluta

© 2017 Deloitte ehf.

Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

Höfundaréttarvarið © 2017 Deloitte Global Services Limited / Deloitte ehf.